



FLÓRGOÐINN

FRÉTTABRÉF ÁSLANDSSKÓLA

4. tbl. 18. árgangur



FJÖLGREINDALEIKAR Í ÁSLANDSSKÓLA Í VINAVIKU UMHYGGJA OG ALÚÐ ELÐRI NEMENDA GAGNVART ÞEIM YNGRI

Fjölgreindir

Samkvæmt upphaflegri útgáfu kenningar Gardners eru greindirnar sjö talsins. Hver manneskja hefur ekki aðeins eina þeirra heldur allar, í mismiklum mæli þó. Seinna bætti Gardner við áttundu greindinni, umhverfisgreind, og velti upp hugmynd að þeirri níundu, tilvistargreind. Ekki verður sérstaklega fjallað um þá síðustu hér, þar sem hún er ekki enn hluti af formlegri kenningu Gardners.

Málgreind er hæfileikinn til að vinna með tungumál. Fólk með mikla málgreind hefur gjarnan mikinn orðaforða, skrifar góðan texta, á auðvelt með að flytja ræður og að læra erlend tungumál. Rök- og stærðfræðigreind er hæfileikinn til óhlutbundinnar hugsunar, rökhusunar og að vinna með tölur og mynstur. Rök- og stærðfræðigreindir eru gjarnan góðir í stærðfræði, vísindum og forritun, svo dæmi sé tekið.

Rýmisgreind er hæfileikinn til sjón- og rúmshyggju. Hafi menn mikla rýmisgreind eiga þeir auðvelt með störf þar sem unnið er með liti, lögun, form og svo framvegis, svo sem listir, handverksgerð og arkitektúr.

Líkams- og hreyfigreind er hreyfigeta og færni til líkamstjáningar.

Dansarar og íþróttamenn falla flestir í þennan flokk.

Tónlistargreind er hæfileikinn til að vinna með, meta og skapa tónlist. Tónlistargreindir eru taktæmir og hafa gott tóneyra.

Samskiptagreind er hæfileikinn til að hafa samskipti við og skilja aðra, svo sem að ráða í látbragð þeirra og raddblæ. Fólk með háa samskiptagreind sómir sér oft vel sem kennarar, stjórn-málamenn eða sölumenn.

Sjálfsþekkingargreind er þekking á sjálfum sér, svo sem að þekking styrk sinn og veikleika, tilfinningar sínar, hugsanir og

langanir, og hæfni til að nýta þessa þekkingu sér til framdráttar. Fólk sterkt á þessu sviði hefur gjarnan áhuga á trúmálum og sálfræði.

Umhverfisgreind er hæfileikinn til að greina og meta hluti í náttúrunni. Fólk með háa umhverfisgreind er næmt fyrir umhverfi sínu: jurtum, dýrum, fjöllum, skýjafari og svo framvegis. Það er gjarn til að velja sér starfsgreinar eins og náttúrufræði og umhverfisfræði.

Í menntakerfinu hefur fjölgreindakenningu Gardners verið tekið opnum örmum og segja má að hún sé þar einhvers konar forskrift fyrir námskrá. Kenningin hefur meðal annars verið notuð til að skapa ýmsar nýstárlegar kennsluáðferðir sem sagðar eru henta hverri greind.



FJÖLGREINDALEIKAR ÁSLANDSSKÓLA

Í vinnu á hverju skólaári höldum við fjölgreindaleika.

Fjölgreindaleikar Áslandsskóla byggja á kenningum taugasálfræðingsins Howards Gardners.

Á fjölgreindaleikum setja kennarar upp 40 stöðvar. Hver stöð tekur um átta mínútur. Þannig nær hver nemendahópur 20 stöðvum hvorn dag. Meðal stöðva má nefna límbó, flöskukeilu, spilturn, gátur ýmiss konar og spurningaleiki, púsl, kaplakubba, mandölur, vináttuhjörtu, legó, blaðrifur og mælingar, kryddkönnun, skutlur, samvinnuleiki, minnisleiki og orðaleit.

Á fjölgreindaleikum er öllum nemendum skólans blandað í 40 hópa. Elstu nemendurnir eru fyrirlíðar í hverjum hópi og sjá til þess að allt gangi vel fyrir sig hjá sínum hópi. Frábært er að fylgjast með alúð og umhyggju eldri nemenda, þau hugsa undantekningalaust óaðfinnanlega um hópinn sinn. Fyrirlíðar eru fyrirmyndir fyrir þá yngri og passa uppá að tímaáætlun standist. Hópurinn matast saman þessa tvo daga, leika saman í frímínútnahléi og ferðast á milli stöðva á u.p.b. átta mínútna fresti.



MYNDIR Í ÞESSUM FLÓRGOÐA


Myndir í þessum Flórgoða eru allar teknar á Fjölgreindaleikum Áslandsskóla 2019.

Óhætt er að segja að samvinna sé einkennisorð myndanna allra enda

samvinna eitt af einkennisorðum Áslandsskóla og samvinna allsráðandi á fjölgreindaleikunum.

Frábært er einnig að sjá að á myndunum er mikið um samvinnu eldri og

yngrí nemenda enda er það stór þáttur í vinaviku og fjölgreindaleikum að eldri nemendur séu fyrirmyndir yngri nemenda og gangi á undan með gott fordæmi.



FULLVELDISDAGURINN 1. DESEMBER

Fullveldisdagurinn er til minningar um að þann 1. desember 1918, tóku Sambandslögin gildi milli Íslands og Danmerkur.

Í þeim kom meðal annars fram viðurkenning Danmerkur á því að Ísland væri fullvalda og frjálst ríki.

Dagurinn varð smám saman að almennum þjóðhátíðardegi fram að lýðveldistíma og var Íslenski fáninn dreginn að húni í fyrsta sinn sem fullgildur þjóðfáni þennan dag.

Af þessu tilefni höldum við í Áslandsskóla fullveldisratleik árlega í kringum 1. desember.

Nemendum er blandað í lið og íþróttakennarar skipuleggja skemmtilegan ratleik.

DAGUR ÍSLENSKRAR TUNGU

FÆÐINGARDAGUR JÓNASAR HALLGRÍMSSONAR

Að tillögu menntamálaráðherra ákvað ríkisstjórn Íslands, haustið 1995, að 16. nóvember ár hvert, sem er fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar, yrði dagur íslenskrar tungu.

Í framhaldi af því hefur menntamála- og menningarmálaráðuneytið árlega beitt sér fyrir sérstöku átaki í þágu íslensks máls og helgað þennan dag rækt við það. Með því móti beinist athygli þjóðarinnar að stöðu tungunnar, gildi hennar fyrir þjóðarvitund og alla menningu.

Dagur íslenskrar tungu var fyrst haldinn hátíðlegur árið 1996. Fjölmarginir aðilar lögðu hönd á plóg og efndu til viðburða af þessu tilefni. Má þar nefna fjölmiðla, skóla, stofnanir og félag.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hélt hátíðarsamkomu og veitti þar í fyrsta sinn Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar og sérstakar viðurkenningar fyrir störf í þágu íslenskunnar. Dagur íslenskrar tungu hefur verið haldinn hátíðlegur með svipuðu sniði og sífellt fleiri aðilar taka virkan þátt í honum með ýmsu móti.

Á þessum degi í ár eru fjölmarginir með eitthvað sérstakt á þrjónunum. Allt miðar það að sama marki að halda íslenskri tungu í heiðri.

Á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins verður haldin hátíðardagskrá þar sem veitt verða verðlaun Jónasar Hallgrímssonar og sérstök viðurkenning á degi íslenskrar tungu.

Mikil eftirvænting hefur skapast fyrir verðlaununum og iðulega ríkir spenna um hver hreppir hnossið.

STÓRA UPPLÉSTRARKEPPNIN

LITLA UPPLÉSTRARKEPPNIN

ÞJÁLFUN Í FRAMSÖGN OG FRAMKOMU

Á degi íslenskrar tungu setjum við Stóru og Litlu upplestrarkeppnirnar í Áslandsskóla. Nemendur í 7. bekk taka þátt í þeirri Stóru og nemendur í 4. bekk í þeirri Litlu.

Stórkostlegt er ár hvert að fylgjast með nemendum þjálfá sig í upplestri undir faglegri og metnaðarfullri stjórn kennara sinna og þjálfunar heima undir stjórn foreldra.

Stóru upplestrarkeppninni lýkur með hátíð hér í skólanum en þaðan fara tveir fulltrúar á lokahátíð í Hafnarborg í mars sem fulltrúar Áslandsskóla.

Litlu upplestrarkeppninni lýkur með upplestrarhátíð í febrúar, þá fjölmenna foreldrar og ættingjar til að hlusta á framsögn yngri nemenda.



Á döfnni

NÓVEMBER & DESEMBER 2019

5 6 8 16 18

NÓVEMBER

Fjölgreindaleikar 5.nóv

Fjölgreindaleikar 6.nóv

Baráttudagur gegn einelti 8.nóv

Dagur íslenskrar tungu 16.nóv

Skólábúðir 7. bekkur 18.nóv

2 18 20

DESEMBER

Fullveldisratleikur 2. des

Jólasöngstund 18. des

Jólaskemmtanir 20. des

ÁSLANDSSKÓLI

Kríuási 1

221 Hafnarfirði

S: 585 4600

Netfang: aslandsskoli@aslandsskoli.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Flórgoðans:

LEIFUR S. GARÐARSSON

Skólalastjóri